

Jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs

2018-2020

Inngangur

Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum í stefnu Háskóla Íslands, „leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu (H21: Stefna Háskóla Íslands 2016-2021, 4). Á þessu byggir jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2018-2020. Í henni er kveðið á um að að tekið sé tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð, bæði hvað varðar jafnrétti karla og kvenna og aðrar víddir jafnréttis, s.s. kynvitund, kynhneigð, fötlun, menningu, uppruna.

Jafnframt er kveðið á um að hvert fræðasvið skuli setja sér aðgerðaáætlun sem byggir á jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, einnig að forsetar fræðasviða, framkvæmdastjórar og sviðsstjórar miðlægrar stjórnáætlunar beri ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé framfylgt innan starfssviðs hvers og eins.

Jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs hvílir í senn á stefnu og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og er ætlað að framfylgja stefnu Háskóla Íslands og jafnréttisnefndar innan sviðsins, eftir því sem við á, auk þess sem í henni eru sértækar aðgerðir fyrir sviðið.

Jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs er samkvæmt erindisbréfi hennar (2016-2019) sviðsstjórn til ráðuneytis um málefni sem snúa að jafnrétti í viðum skilningi og hvers kyns mismunun innan sviðsins. Verkefni nefndarinnar eru:

- Að semja og endurskoða jafnréttisstefnu sviðs í samvinnu við sviðsforseta og sviðsstjórn. Stefnan skal samþykkt af stjórn fræðasviðsins og á þingi Hugvísindasviðs.
- Að fylgjast með framkvæmd stefnunnar.
- Að standa fyrir umræðu og fræðslu um jafnrétti innan sviðsins.
- Að veita umsögn um erindi sem henni eru send.
- Að hafa frumkvæði að athugun á álitamálum er varða jafnrétti meðal nemenda og starfsmanna.

Auk þess að framfylgja almennri stefnu Háskóla Íslands og jafnréttisnefndar Háskóla Íslands leggur jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs sérstaka áherslu á eftirfarandi málefni 2018-2020:

- Réttindi erlendra stúdenta og starfsfólks.
- Réttindi nemenda og starfsfólks af erlendum uppruna.

Undanfarin ár hefur þróun jafnréttisstarfs innan Háskóla Íslands orðið aðgerðamiðaðra, þ.e. í stað ítarlegra jafnréttisáætlana og markmiðasetningar er áhersla lögð á aðgerðir sem ætlað er að auka jafnrétti. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2018-2020 er því fyrst og fremst aðgerðaáætlun sem jafnréttisnefndum sviðanna og öðrum ábyrgðaraðilum er ætlað að fylgja eftir. Þó er minnt á, eins og gert er í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands að jafnréttismál og framkvæmd þeirra eru í höndum alls starfsfólks og nemenda sem beri „ábyrgð á að koma í veg

fyrir mismunun og leggja sitt af mörkum til að skapa háskólasamfélag sem einkennist af virðingu, skilningi og umburðarlyndi.“

Jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs hefur sett sér eftirfarandi markmið og aðgerðaáætlun.

Nám, kennsla og rannsóknir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Að jafna kynjahlutfall nemenda.	1.1. Móta aðgerðir sem miða að því að fjölga nemendum af því kyni sem er í minnihluta fyrir febrúar 2019.	Forseti fræðasviðs í samráði við jafnréttisnefnd og sviðsstjórn.	Febrúar 2019.
Að samþætta jafnréttissjónarmið öllum þáttum kennslu.	1.2.1. Námskeið fyrir kennara um samþættingu jafnréttissjónarmiða og kennslu og sköpun námsumhverfis sem stuðlar að samvinnu í fjölbreyttum nemendahópi. Sjá jafnframt 2.4. 1.2.2. Kennarar reglulega minntir á nauðsyn þess að samþætta jafnréttissjónarmið öllum þáttum kennslu. 1.2.3. Fyrirliggjandi jafnréttisgátlisti í kennslu verði gefinn út og gerður aðgengilegur á vef.	Kennslumiðstöð, kennslumálanefnd, kennslunefnd og jafnréttisnefnd.	Árleg námskeið fyrir alla kennara. Viðvarandi verkefni.

Að kanna stöðu og bæta stuðning við íslenska stúdenta sem hafa annað tungumál en íslensku sem móðurmál eða hafa, vegna t.d. búsetu erlendis, veikan grunn í íslensku.	1.3. Rannsókn á stöðu og gengi hópsins.	Jafnréttisnefnd í samráði við kennslunefnd sviðsins.	Haust 2019.
---	---	--	-------------

Mannauður

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að veita nýju akademísku starfsfólki stuðning og jafna stöðu þess. Sérstök áhersla er lögð á starfsfólk af erlendum uppruna.	2.1.1. Mentorakerfi fyrir nýtt akademískt starfsfólk kynnt á haustmíssi 2018. 2.1.2. Starfsmannasviði bent á mikilvægi þess að starfsmannahandbók sé aðgengileg á ensku.	2.1.1. Deildarforsetar. 2.1.2. Jafnréttisnefnd.	Viðvarandi aðgerð frá hausti 2018.
Að stofnuð verði námskeið í íslensku sem öðru máli til undirbúnings fyrir nýja starfsmenn og framhaldsnema af erlendum uppruna eða núverandi námskeið endurskoðuð og bætt.	2.2. Koma á sérstökum námskeiðum í íslensku fyrir nýja starfsmenn og framhaldsnema af erlendum uppruna þar sem þeir fá umtalsverðan stuðning til að ná tökum á málinu á fyrstu mánuðum dvalar.	Starfsmannasvið, náms- og starfsráðgjöf, Tungumálamiðstöð, Íslensku- og menningardeild, deildarforsetar.	Haust 2019.

<p>Að nýnemar og nýtt starfsfólk fái fræðslu um örareiti.</p>	<p>2.3. Fræðsla, m.a. vefefni fyrir nema og starfsfólk um örareiti sem t.d. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk verður fyrir.</p>	<p>Forseti fræðasviðs í samstarfi við jafnréttisnefnd.</p>	<p>Á hverju haustmisseri.</p>
<p>Að starfsfólk og stjórnendur fái fræðslu um jafnréttismál.</p>	<p>2.4. Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnendur um jafnréttisstefnu og jafnréttismál, m.a. aðgengismál, samþættingu jafnréttissjónarmiða með tilliti til kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, menningar, uppruna, aldurs, útlits og fötlunar.</p> <p>Sjá jafnframt 1.2.1.</p>	<p>Forseti fræðasviðs og jafnréttisnefnd.</p>	<p>Árleg námskeið.</p>
<p>Að auka fræðslu og upplýsingagjöf um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni í HÍ.</p>	<p>2.5. Verklagsreglur og fagráð um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, sem finna má á jafnretti.hi.is gerðar sýnilegri, m.a. í Uglu.</p> <p>Tryggt verði að upplýsingar séu aðgengilegar á ensku.</p>	<p>Forseti fræðasviðs, vefstjóri og jafnréttisnefnd.</p>	<p>Haustmisseri 2018.</p>
<p>Að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% af hvoru kyni þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða við skipun í nefndir, ráð og stjórnir innan Háskóla Íslands (sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008).</p>	<p>2.6. Tryggt verði að hlutfall kynja verði ekki minna en 40% í nefndum, ráðum og stjórnnum sviðsins.</p>	<p>Forseti fræðasviðs og deildarforsetar.</p>	<p>Viðvarandi verkefni.</p>

Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Aðgengi fatlaðra að viðburðum á vegum Hugvísindasviðs verði tryggt.	3.1.1. Mismunandi aðstaða á háskólasvæðinu, með tilliti til aðgengis fatlaðra, kynnt starfsfólki sviðsins. 3.1.2. Útbúinn verði gátlisti fyrir skipulagningu viðburða.	Jafnréttisnefnd í samstarfi við ráð um málefni fatlaðs fólks.	Viðvarandi verkefni.
Auka sýnileika jafnréttisstarfs innan Hugvísindasviðs	3.2. Reglubundin kynning á eða fréttir af fjölbreyttu jafnréttisstarfi innan sviðsins. Í samstarfi við RIKK.	Jafnréttisnefnd, kynningarstjóri sviðsins.	Viðvarandi verkefni.